

BRÚ MILLI LANDA

SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA TVÍ- OG FJÖLTYNGDRA BARNA



Námskeiðin verða haldin á 5. hæð vestur (Laufbrekka), Borgartúni 12-14 ef sóttvarnir leyfa annars verður þetta í gegnum fjarfundi.

**LEIÐBEINENDUR
BRÚARSMIÐIR MIÐJU
MÁLS OG LÆSIS:
KRISSELLE LOU SUSON
JÓNSDÓTTIR,
MAGDALENA ELÍSABET
ANDRÉSDÓTTIR,
SALAH KARIM MAHMOOD**



**FREKARI
UPPLÝSINGAR UM
DAGSETNINGAR OG
SKRÁNING [HÉR](#)**

Brúarsmiðir Miðju máls og læsis bjóða upp á námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara sem og starfsmenn frístundamiðstöðva um samskipti við foreldra tví- og fjöiltyngdra nemenda.

Í skóla margbreytileikans þurfa kennarar og starfsmenn að vera í góðum samskiptum við alla foreldra, ekki síst foreldra af erlendum uppruna. Á námskeiðinu munu leiðbeinendur veita leik- og grunnskólakennurum, sérkennurum, námsráðgjöfum og fleiri starfsmönnum, innsýn í ólíka menningarheima og skólastarf. Rætt verður um hvernig best er að mæta foreldrum og eiga farsælt samstarf.

Markmið:

1. Að bæta þekkingu leik- og grunnskólakennara á mismunandi sýn foreldra af erlendum uppruna á skólastarf og hlutverk skólaforeldra.
2. Að leik- og grunnskólakennarar geti átt farsæl samskipti við foreldra af erlendum uppruna.

Námskeiðið er í tveimur hlutum, kl. 14:00-15:30 báða dagana, annarsvegar vegna nemenda og fjölskyldna af pólskum og filippseykskum uppruna og hinsvegar vegna nemenda og fjölskyldna af kúrdískum og arabískum uppruna.

Námskeiðin verða haldin þrisvar sinnum haustið 2021.